




Laugavegur 67 – fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2023 var lögð fram fyrirspurn DAP ehf., dags. 9. nóvember 2023, um rekstur veitingastaðar í húsinu á lóð nr. 67 við Laugaveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Breyting á deiliskipulag, samþykkt 2016



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyra lóðin og byggingarnar á Laugavegi 67 borgarhluta 2 Miðborg og er hluti af miðborgarsvæði M1a.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 10. desember 2002 með síðari breytingum, meðal annars breytingu, samþykkt 28. janúar 2016, sem gerði ráð fyrir verndun húsa, þar á meðal hús á lóð nr. 67 við Laugaveg.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 67 við Laugaveg er verslunar-og skrifstofuhúsnæði með íbúð á efri hæð, byggt árið 1925 skv. fasteignaskrá. Það er því friðað skv. *Lögum um menningarminjar 80/2012*, sem segir að eigendum húsa og mannvirkja, byggð 1925 og fyrr, sé skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands ef þeir hyggist breyta þeim, flytja eða rífa. Spurt er um um rekstur veitingastaðar í húsinu á þeim forsendum að verið sé að breyta öðru verslunarrými við götuna út veitingastað, í snyrtistofu.

Umrædd lóð er innan skilgreinds götusvæðis nr. 9 í miðborg skv. aðalskipulagi Reykjavíkur, þ.e. Laugavegur, báðar hliðar, frá Vitastíg að Snorrabraut. Á götusvæði nr. 9 er ákvæði um 50% lágmarkshlutfall smásöluverslunar skv. þróunaráætlun miðborgarinnar í aðalskipulagi.

Rýmið sem til stendur að breyta úr veitingastað í snyrtistofu er innan skilgreinds götusvæðis nr. 8 í miðborg Reykjavíkur skv. aðalskipulagi, þ.e. Laugavegur, báðar hliðar, frá og með Laugavegi 23 og 24 til og með Vitastíg. Á götusvæði nr. 8 eru ákvæði um lágmark 70% smásöluverslun. Breyting innan þess svæðis hefur ekki áhrif á hlutföll smásöluverslunar á götusvæði nr. 9. Því er tekið neikvætt í erindið.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í fyrirspurn.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri